



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við opnun sýningar á verkum  
færeyska listmálarans Mikines  
Listasafni Reykjavíkur  
Kjarvalsstöðum  
26. janúar 2008**

Góðir sýningargestir.

Í þúsund ár þraukuðu fátækar frændþjóðir við þróngan kost, þjakaðar af erlendu valdi, menningin einkum fólgin í fornum textum, ljóðum og sögum, rínum og dansi.

Systurþjóðir á klettaeyjum, einangraðar en þó nátengdar með sagnahefð og tungutaki, skildu hvað sagt var þegar sjósóknarar rákust saman, en þó órafjarri því Atlantshafið var um aldir hin breiða gjá.

Náttúran skóp litrík leiktjöld en var líka harður húsbóni, tók árlega toll því margir týndu lífi, fórnin ærin, mannskaðar hversdagsleg reynsla.

Hvernig spratt myndlist úr svo grýttri mold? Hvert sóttu brautryðjendur sóknarkraftinn, fullvissu um að geta í litum gefið fámennri eyþjóð trú á eigin getu, fært henni nýjan skilning á náttúrunni, ort með litum hrífandi ljóð, klætt ættjarðarást í ferskan búning?

Við þekkjum öll hvað Kjarval og Ásgrímur gáfu okkur, hvernig Jón og Kristín, Scheving og aðrir færðu Íslendingum hrífandi sýn. Fjörðurinn, fjallið, heimaslóðir, þorpið, sveitin, sjómenn, bændur – allt efniviður í nýja vídd í menningunni.

Við höfum kannski verið of upptekin af þessari þróun hér hjá okkur til að skilja til hlítar hvernig frændur okkar Færeyingar fetuðu hliðstæðar slóðir. Sýningin sem við fögnum nú er því kærkomið tækifæri, verðugur vitnisburður um Mikines, hinn mikla meistara Færeyinga, litaskáldið sem hefur svipaða stöðu í menningarsögu eyjanna og hinir fremstu meðal okkar, léði klettum og hafi, sjómönum og grindadrápi, veðurbörðum

bændum og baráttunni upp á líf og dauða æðra veldi líkt og Kjarval gerði hraunið að undraveröld í hugum Íslendinga og Gunnlaugur Scheving fiskimenn í ólgusjó ódauðlega.

Það er verðugt viðfangsefni að tvinna saman myndlistarsögu frændþjóðanna í Atlantshafi og íslensku söfnin, bæði í Reykjavík og Kópavogi, ættu í samvinnu við færeyska vini að byggja á komandi árum á grundvellinum sem hér er lagður með Íslandsheimsókn Mikiness, bindast um það fastmælum að efla enn frekar þekkingu og skilning Íslendinga á fjölbættri myndlist sem þróast hefur í Færeyjum frá því að Mikines hóf snemma á síðustu öld að tvinna saman arfleifðina úr þorpinu heima og þá heimsmenning sem hann kynntist í Kaupmannahöfn.

Það var mögnuð reynsla í heimsókn okkar Dorritar til Færeyja fyrir fáeinum árum að kynnast hinni kraftmiklu og hrífandi myndlist sem þar er að finna, verkum sem kallast á við það besta sem hér hefur verið skapað en eru samt öðruvísi, framandi en líka kunnugleg, verkum sem vekja í hugum okkar nýjar spurningar, ögrandi og áleitnar, um myndlistarsögu Íslendinga.

Ég sannfærðist þá um að frændur okkar Færeyingar gætu hjálpað Íslendingum til að sjá okkar listræna heimanmund í nýju ljósi. Því vona ég að þessi yfirlitssýning á verkum Mikines verði til að efla enn frekar samstarf listasafna og annarra áhrifaaðila í menningarlífi Íslands og Færeyja.

Með þeirri ósk er það mér sérstök ánægja að opna sýningu á verkum Mikines hér í dag og ánægjulegt að við getum um leið gengið enn á ný á vit verka Nínu Sæmundson, listamanns sem á sér merkan sess í listasögu okkar Íslendinga.